

2095

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 308/1989. **Valdimar Geirsson**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Ólafi Geir Þorvarðarsyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

og gagnsök.

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Skoðunarskylda. Aðfinnslur.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1989. Þá áfrýjaði hann fjárnámsgerð, sem fram fór í fasteigninni Viðigrund 13 á Akranesi 12. júlí 1989, með stefnu 7. september sama ár. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi og gagnáfrýjandi dæmdur til þess að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 1. september 1989. Kröfur hans í aðalsök eru þær, að ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda verði hafnað og hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest.

Dómkröfur gagnáfrýjanda í gagnsök eru þær aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að endurgreiða söluverð bátsins Akrabergs, AK 60, 450.000 krónur, auk 45,6% ársvaxta af 200.000 krónum frá birtingardegi stefnu 23. nóvember 1987 til 1. desember sama ár, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 15. sama mánaðar, með sömu vöxtum af 280.000 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 58,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 15. sama mánaðar, með sömu vöxtum af 370.000 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, með 52,8% ársvöxtum

frá þeim degi til 15. sama mánaðar, með sömu vöxtum af 450.000 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 130.000 krónum, sem gagnáfrýjandi fékk greiddar 25. maí 1990. Þá verði aðaláfrýjandi jafnframt dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur, að fjárhæð 336.210 krónur, auk 43,2% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 5. október 1987 til 1. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum, eins og þeir eru raktir að framan, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti bæði í aðal-sök og gagnsök.

I.

Í héraði gerði aðaláfrýjandi þær dómkröfur aðallega, að hann yrði sýknaður og sér dæmdur málskostnaður. Til vara krafðist hann sýknu af skaðabótakröfu og niðurfellingar málskostnaðar.

Aðaláfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að hinn áfrýjandi dómur sé með þeim ágöllum, að þar sé ekki getið um dómkröfur sínar, sbr. g-lið 1. mgr. 193. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þessi annmarki á héraðsdómi er brot á framangreindum réttarfarsákvæðum og aðfinnsluverður, en hefur þó ekki valdið aðaláfrýjanda réttarspjöllum, hvorki við úrlausn héraðsdómara né áfrýjun málsins. Þykir eigi næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn af þessum sökum.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afsal frá 25. maí 1990, þar sem gagnáfrýjandi selur Emil Ragnarssyni, Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, bátinn Akraberg, AK 60. Söluverð var 130.000 krónur.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll gagnáfrýjandi frá riftunarkröfu sinni. Aðaláfrýjandi mótmælir því, að hann hafi verið með í ráðum um framangreint söluverð. Ósannað er, að við sölu bátsins hafi verið haft samráð við aðaláfrýjanda. Við svo

búið verður eigi talið, að kröfur gagnáfrýjanda í málinu geti lotið að öðru en skaðabótum eða afslætti frá kaupverði.

III.

Umboðsmaður gagnáfrýjanda skoðaði hinn umrædda bát, áður en kaup voru ráðin 24. júlí 1987. Þá hafði hann bátinn í sinni umsjá í tvær vikur, áður en frá afsali og endanlegri greiðslu kaupverðs var gengið. Á þeim tíma var unnið að lagfæringum á vél bátsins, en umboðsmaðurinn þekkti vélina, þar sem hann hafði sjálfur átt hana áður í öðrum bát. Þegar kom að útgáfu afsals, vildi umboðsmaðurinn ganga frá kaupnum vegna ástands vélarinnar, sem hann taldi slæmt. Hins vegar samdist svo um með aðilum, að vegna þessa fengi gagnáfrýjandi 50.000 króna afslátt af umsömdu kaupverði. Að svo búnu var afsal gefið út 6. ágúst 1987. Með þessum samningi þykir gagnáfrýjandi hafa firrt sig rétti til bóta vegna vélarinnar, en honum var þá orðið fullkunnugt ásigkomulag hennar, sbr. 47. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

IV.

Aðaláfrýjandi keypti hinn umrædda bát 18. júlí 1986 og aflaði sér þá ekki upplýsinga um hann frá Siglingamálastofnun ríkisins. Honum virðist því hafa verið ókunnugt um skýrslu stofnunarinnar frá 2. ágúst 1978, þar sem mælt var fyrir um samráð við Siglingamálastofnun, ef farið yrði út í endurbyggingu á bol bátsins, sem þá var bágborinn. Fyrir héraðsdómi kvaðst aðaláfrýjandi hafa spurt Axel Axelsson skipaskoðunarmann og starfsmann Siglingamálastofnunar að því, hvernig hann ætti að fara að við viðgerðir á bátinum, og hafi hann bent á, hvað ætti að lagfæra. Axel Axelsson hefur ekki gefið skýrslu fyrir dómi. Jóhann Ársælsson skipasmíðameistari hefur hins vegar komið fyrir dóm og lýst því, að hann hafi skoðað bátinn vorið eða sumarið 1987, og hafi aðaláfrýjandi fyrst og fremst ráðgast við sig um viðgerðir á böndum á bátinum, en hann hafi þó ekki fylgst nákvæmlega með vinnu aðaláfrýjanda við bátinn.

V.

Í héraðsdómi er því lýst, að gagnáfrýjandi og umboðsmaður hans báðu um skoðun á bátinum hjá Siglingamálastofnun ríkisins í

september 1987. Kom þá í ljós, að hann hafði verið skráður undir nafninu Jón Eyjólfsson með Reykjavík sem heimahöfn, og hafði skráð stærð hans verið 3,55 brúttórúmlrestir. Báturinn hafði verið afskráður sumarið 1978 sakir lélegs ástands. Í skýrslu skoðunarmanns þá er upp talið, hvað sé að bátnum, og sagt, að verði farið út í endurbyggingu hans, eigi að senda Siglingamálastofnun til samþykktar miðbandsteikningu af bátnum og að öll vinna verði að fara fram undir eftirliti stofnunarinnar. Óupplýst er, hvað um bátinn varð frá 1978, þar til aðaláfrýjandi festi kaup á honum og hóf endurbyggingu hans. Í skýrslu Siglingamálastofnunar ríkisins frá 25. september 1987 segir, að bætt hafi verið úr ástandi bátsins frá skoðuninni 1978, en verkið ekki unnið samkvæmt fyrirsmælum í fyrri skýrslu né í samráði eða undir eftirliti skoðunarmanna. Í skýrslunni eru taldir upp ýmsir gallar við endurbygginguna og síðan gerðar ýmsar athugasemdir við almennt ástand bátsins. Meðal þess, sem ábótavant þótti, var, að bönd, sem sett höfðu verið miðskips, uppfylltu ekki ákvæði reglna og bönd fremst og aftast höfðu ekki verið endurnýjuð. Í fyrri skýrslu voru þau talin of grönn og sagt, að reikna mætti með því, að skipta þyrfti um öll bönd í bátnum. Einnig hafi verið bent á, að kjölur væri of grannur og að kjalbak vant, en það eigi að vera úr eik. Kjalbakið, sem sett var í bátinn, var úr furu, og í skýrslunni frá 1987 var það ekki talið fullnægjandi.

VI.

Það verður að teljast á áhættu aðaláfrýjanda, að endurbyggingin var ekki framkvæmd undir eftirliti skoðunarmanns, og beri hann ábyrgð á því, hvernig til tókst, en við það verður að miða, að bolur bátsins hafi ekki haft þá kosti, sem ætla mátti, að hann hefði. Umboðsmanni gagnáfrýjanda var ekki ætlandi við venjulega skoðun og aðgát að varast þá galla, sem á endurbyggingunni voru, en gagnáfrýjandi kvartaði við aðaláfrýjanda, strax og honum urðu gallar þessir ljósir. Þá er báturinn í afsali talinn til muna stærri en samkvæmt skráningu. Er óupplýst, hvernig á því stendur, en það hlýtur að teljast á ábyrgð aðaláfrýjanda.

Í málinu liggur ekki fyrir mat dómkvaddra manna á göllum á bol bátsins frá því ástandi, sem ætla mátti áskilið. Aftur á móti liggur fyrir verð hans samkvæmt afsalinu í ágúst 1987 og aftur í

maí 1990 svo og reikningar gagnáfrýjanda um kostnað, sem hann lagði í eftir viðtöku bátsins. Þá lagði héraðsdómari dóm á málið án meðdómenda. Á þessum gögnum er ógjörningur að byggja skaðabætur til gagnáfrýjanda, en hins vegar verður nú vart úr því bætt á nokkurn viðhlítandi hátt. Þykir, eins og málið er lagt fyrir Hæstarétt af hálfu aðila, eiga að taka til greina fjárhæð hins áfrýjaða dóms með vöxtum og málskostnaði. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð verður því staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði stefnda í aðalsök 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

D ó m s o r ð :

Dómsorð hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Valdimar Geirsson, greiði stefnda, Ólafi Geir Þorvarðarsyni, 50.000 krónur í málskostnað í aðalsök fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur meiri hluta dómenda um það, er greinir í atkvæði þeirra aftur að V. kafla.

Gagnáfrýjandi byggir ekki á þeirri málsástæðu, að aðaláfrýjandi hafi haft svik í frammi í viðskiptum þeirra.

Gagnáfrýjanda bar að sýna sérstaka varfærni við kaup á bátnum, þar sem hann var óskráður og gögn um hann fundust ekki hjá Siglingamálastofnun, þegar umboðsmaður hans leitaði eftir þeim þar, áður en til kaupanna kom. Ekki skeytti hann þó frekar um öflun upplýsinga. Umboðsmaður gagnáfrýjanda hafði bátinn hins vegar með höndum í tvær vikur fyrir útgáfu afsals og átti þess því allan kost að athuga bátinn gaumgæfilega.

Í afsalinu var fyrirvaralaust ákvæði um, að báturinn seldist í því ástandi, sem hann þá var í og kaupandi hefði kynnt sér með skoðun og sætt sig við að öllu leyti. Þá var tekið fram, að kaupanda væri

kunnugt um, að báturinn væri óskráður, og skyldi hann sjá um að koma honum á skrá á sinn kostnað.

Þegar aðaláfrýjandi vann sjálfur að endurbyggingu bátsins, ráðgaðist hann bæði við skipaskoðunarmann og skipasmíðameistara. Eins og hér stendur á, verður það ekki metið honum til sakar, hvernig til tókst, en eigi verður séð, að hann hafi leynt gagnáfrýjanda nokkru. Þá er ósannað, að aðaláfrýjandi hafi gefið gagnáfrýjanda ástæðu til að ætla, að báturinn væri í betra ástandi en raun var á og að hann stæðist kröfur Siglingamálastofnunar ríkisins.

Með hliðsjón af framansögðu og vísun til 47. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup tel ég, að sýkna beri aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda og fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi. Eftir þeim úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akraness 11. maí 1989.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. f. m., hefur Ólafur Geir Þorvarðarson, nnr. 6800-0718, Hörðalandi 12, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 18. nóv. 1987, gegn Valdimar Geirssyni, nnr. 9055-3836, Víðigrund 13, Akranesi. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að kaupsamningi, dags. 6. ágúst 1987, um bátinn Akraberg, AK-60, verði rift og að stefnda verði gert að endurgreiða söluverð hans, 450.000 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Málavextir.

Tildrög bátskaupa þeirra, sem mál þetta er risið af, voru þau, að stefnandi málsins ákvað í samráði við fösturföður sinn, Kristján Jakobsson, Bjarnarstíg 11, Reykjavík, að festa kaup á bátsskrokki í því skyni að útbúa trillubát til fiskveiða. Stefnandi er vélvirki að atvinnu, en hugðist stunda fiskveiðar í frístundum. Kristján er hins vegar vanur sjómaður, og hafði hann í hyggju að hætta á stórum bátum og þess í stað snúa sér að trilluveiði. Að ráði varð síðan, að Kristján tók sem umboðsmaður stefnanda að leita fyrir sér um kaup á bátsskrokki eða bát. Hann kveðst m. a. hafa farið á skipasöluna Hraunhamar í Hafnarfirði. Skipasalinn, Haraldur Gíslason, hafi sagst hafa góðan bát, nýuppgerðan, og ekkert væri eftir nema setja vélina niður. Umboðsmaður stefnanda fór síðan á Siglingamálastofnun, en þar fannst báturinn ekki á skrá með uppgefnum nöfnum, þ. e. Ramma eða Akrabergi. Hann skoðaði samt bátinn og leist vel á hann.

Stefndi, eigandi bátsins, sagði umboðsmanninum, að vél bátsins, 60 hest-
 afla Lister-vél, væri nýyfirfarin og ekkert annað eftir en setja hana í bátinn.
 Umboðsmaðurinn kveður stefnda hafa sagt sér, að hann hafi haft samband
 við mann frá Siglingamálastofnun, Axel Axelsson að nafni, og hefði hann
 sagt fyrir um, hvað þyrfti að gera við bátinn. Umboðsmaður stefnanda
 kveðst hafa séð, að ný bönd hefðu verið í miðju bátsins frá húsi og aftur
 undir skut. Síðan kveðst hann hafa skoðað ofan í bátinn og athugað kjöl-
 bekk, sem var nýr, og tvöföld gömul bönd að framan og aftan. Mætti
 kveðst þá hafa spurt, hvort þau hefði skipaskoðunarmaður viðurkennt, því
 að hann hefði vitað, að þau ættu reglum samkvæmt að vera þreföld. Kveð-
 ur hann stefnda hafa sagt, að samþykki skipaskoðunarmanns hefði fengist
 fyrir því. Síðan voru kaup ákveðin munnlega í júlí 1987, og umboðsmaður-
 inn greiddi 24. júlí 1987 200.000 kr. inn á bátinn í nafni stefnanda. Var
 báturinn fluttur þaðan, sem hann hafði staðið við hús stefnda, að Viði-
 grund 13, Akranesi, og að verkstæði Stuðlastáls hf. á Akranesi, sem setti
 vélina í bátinn. Við skoðun á smursíu segist umboðsmaðurinn þó hafa tekið
 eftir, að mikið svarf og hvítmálmur var í olíunni, sem hafi gefið tilefni
 til að skoða sveifaráslegur. Kom þá í ljós, að bæði efri og neðri bakkar
 leganna voru slitnir og upp úr þeim kvarnað. Varð þá ljóst, að stefndi hafði
 sjálfur tekið vélina upp og keypt í hana stimpla og legur. Umboðsmaður
 stefnanda kveðst hafa snúið sér til umboðs þess í Reykjavík, sem seldi
 Lister-vélar eins og þá, sem fylgdi bátnum. Hafi honum þar verið tjáð,
 að mikið vandaverk væri að taka ofan af þessum vélum og skipta um
 stimpla og pakkningar, og væri það alls ekki á færi venjulegra vélvirkja,
 hvað þá manna, sem ekki hefðu þá menntun. Þegar þetta varð ljóst, kveðst
 umboðsmaðurinn hafa viljað rifta kaupunum. Þá svaraði stefndi því til,
 að hann væri búinn að ráðstafa innágreiddu fé og gæti ekki endurgreitt
 það. Hann bauðst hins vegar til að gefa 50.000 kr. afslátt á kaupverðinu,
 og var fallist á það. Umboðsmaður stefnanda kveðst þó hafa gengið ríkt
 eftir því, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að skoðun fengist á skrokk báts-
 ins. Afsalið var síðan gefið út 6. ágúst 1987.

Í afsalinu sagði m. a.: „Nánar tiltekið er hér um að ræða 5 tn. opinn
 bát, smíðaðan úr viði 1959, með Lister-vél, árg. 1973, 60 hö., og Furuno-
 dýptarmæli. Báturinn afhendist kaupanda á Akranesi strax við undirskrift
 afsals þessa í því ástandi, sem hann nú er í og kaupandi hefur kynnt sér
 með skoðun og sætt sig við að öllu leyti. Umsamið kaupverð, 450.000 kr.
 fjögur hundruð og fimmtíu þúsund — hefur kaupandi greitt að fullu. Kaup-
 anda er kunnugt, að báturinn er óskráður, og sér hann um að koma honum
 á skrá á sinn kostnað. Seljandi greiðir öll gjöld af bátnum og hirðir af
 honum arð til afhendingardags, en kaupandi frá þeim tíma.“

Aðspurður kveðst umboðsmaður stefnanda hafa skilið ákvæði í afsali

um, að báturinn væri óskráður og að það kæmi í hlut kaupanda að koma honum á skrá og bera þann kostnað, á þann veg, að þar væri átt við búnað skipsins og rafkerfi, en ekki bol hans og vél. Eftirstöðvar kaupverðsins, 250.000 kr., voru greiddar við undirskrift þess. Báturinn var síðan fluttur suður til Reykjavíkur og komið fyrir uppi á Grandagarði.

Eftir að báturinn var kominn suður til Reykjavíkur, var enn reynt að koma vélinni í gang. Vélin var mjög þung í snúningi að sögn umboðsmanns stefnanda, og tókst ekki að gangsetja hana.

Í september 1987 báðu þeir stefnandi og umboðsmaður hans um skoðun á bátnum hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Þá kom í ljós, að hann hafði verið skráður þar undir nafninu Jón Eyjólfsson með Reykjavík sem heima-höfn, og skráð stærð hans hafði verið 3,55 rúmlestir brúttó. Enn fremur kom í ljós, að báturinn hafði verið afskráður sumarið 1978 sakir lélegs ástands. Í skýrslu skoðunarmannsins, Ólafs Aðalsteinssonar, dags. 2. ágúst 1978, sagði m. a.:

„Við skoðun á bol bátsins kom í ljós, að öll bönd í opnu rými hans voru fúin í sundur um huf og því ónýt. Eru bönd svigar (sic) þarna á milli, en eru mun grennri en reglur segja fyrir um. Má því reikna með, að nauðsynlegt verði að endurnýja öll bönd bátsins, ef til endursmíði hans kemur, en ekki er hægt að komast að öðrum böndum til skoðunar en þeim, sem að ofan greinir, sem eru 10 bönd.

Töluverðir ryðtaumar eru frá súðarnöglum að innan og frá neðri skör kjalsíu niður á kjölinn. Verður að athuga ástand nagla og bolta, þegar viðgerð fer fram. Til endurnýjunar á böndum verður að taka upp vél, og verður þá að skoða vélafestibolta og kjalbolta undir vélinni.

Ef farið verður út í endurbyggingu á bátnum, verður að senda Siglingamálastofnun til samþykktar miðbands-teikningu af bátnum, og verður öll vinna að fara fram undir eftirliti stofnunarinnar.“

Stefndi hefur fyrir dóminum upplýst, að hann hafi verið búinn að eiga bátinn í rúmt ár, þegar hann afsalaði honum í ágúst 1987. Hann kveðst ekki hafa þá aflað upplýsinga frá Siglingamálastofnun ríkisins um bátinn. Fyrir hann hafi hann líklega gefið um 100 þús. kr. Hann kveðst hafa keypt bátinn til að eiga hann, en síðar hafi hann selt bátinn, þegar hann keypti annan stærri. Hann kveður vélina hafa fylgt bátnum, og hafi hann gert við hana. Hann hafi keypt nýja stimpla, látið renna ventla og keypt nýjar pakkningar. Hann kveðst hafa sjálfur sett vélina saman, enda hafi hann unnið á bifreiðaverkstæði í eitt ár. Jafnframt kveðst stefndi hafa lagt í miklar viðgerðir við sjálfan bátinn, sett í hann borð og saumað hann upp. Hann kveðst vera húsasmíðameistari, en hann hafi ekki unnið við skipasmíðar fyrr en í júlí 1987. Hann kveðst ekki hafa notið leiðsagnar annarra við viðgerðina á bátnum en föður síns, Geirs Valdimarssonar, sem sé húsa-

smíðameistari og hafi unnið við skipaviðgerðir. Stefndi kveðst hafa spurt Axel Axelsson, starfsmann Siglingamálastofnunar, hvernig hann ætti að fara að við viðgerð á bátnum, og hafi Axel bent á, hvað ætti að lagfæra. Síðan kveðst stefndi hafa haft samband við Jóhann Ársælsson skipasmíðameistara og notið ráðlegginga hans. Hann kveður umboðsmann stefnanda ekki hafa sett nein skilyrði um ástand bátsins, mikil eftirspurn hafi verið eftir bátum sumarið 1987. Hann kveðst aldrei hafa lýst yfir, að báturinn stæðist kröfur Siglingamálastofnunar ríkisins.

Faðir stefnda, Geir Valdimarsson, hefur komið fyrir dóminn. Hann kveðst hafa unnið að viðgerð bátsins ásamt Valdimar, syni sínum. Hann kveðst hafa tekið laus bönd úr bátnum og sett ný bönd í hann, neglt. Þeir hafi sett þreföld þverbönd í bátinn eftir fyrirsögn, þ. e. lýsingu í reglugerð, frá Siglingamálastofnun. Umboðsmaður stefnanda kveðst hafa hitt skoðunarmann Siglingamálastofnunar, Axel Axelsson, sem stefndi hefði sagt hafa fylgst með endursmiði bátsins, en hann hafi alls ekki getað munað það, að hann hefði gefið fyrirmæli þar um.

Sami skoðunarmaður, Ólafur Aðalsteinsson, sem skoðað hafði bátinn í ágúst 1978, var í sept. 1987 fenginn til að skoða bátinn og segja til um, hvað þyrfti að gera til að koma bátnum á skrá. Skoðunin fór fram 23. sept. 1987, þar sem báturinn stóð á uppfyllingu við Ægisgarð í Reykjavík. Í skýrslu hans til siglingamálastjóra, dags. 25. sept. 1987, sagði um bátinn, sem nú nefndist Akraberg, AK-60, og var skráður eign Sævars Bergs Gíslasonar, Mánabraut 6 B, Akranesi:

„Bátur þessi hefur verið strikaður út af skipaskrá, þar sem hann hefur ekki verið skoðaður síðan 1978 og var í heldur lélegu ástandi. Við skoðunina á bátnum að þessu sinni kom fram, að bætt hefur verið úr ástandi hans frá síðustu skoðun, en verkið ekki unnið skv. fyrirmælum í fyrri skýrslu né í samráði eða undir eftirliti skoðunarmanna Siglingamálastofnunar ríkisins. Sem dæmi um endurbætur má nefna, að bönd þau, sem sett hafa verið miðskips, uppfylla ekki ákvæði reglna. Böndin fremst og aftast hafa ekki verið endurnýjuð, en vakinn var athygli á því í skýrslunni 25.7. 1978, að böndin væru of grönn, og því mætti reikna með, að skipta þyrfti um öll bönd í bátnum. Einnig er bent á, að kjölur sé of grannur og kjalbak vanti, en það eigi að vera úr eik. Kjalbakið, sem sett hefur verið í bátinn, er úr furu og getur ekki talist fullnægjandi langskipsstyrking. Að öðru leyti verður að gera eftirgreindar athugasemdir við ástand bátsins:

1. Handrið vantar á bátinn að framan.
2. Siglinga- og fiskveiðiljós vantar, og má segja, að rafbúnað vanti að mestu.
3. Stýrisbúnaður er alls ófullnægjandi. Stýrisás er of grannur og auk þess töluvert slitinn, einnig mikið slit við stýristappa.

4. Rúður í reisu eru festar með gúmmílistum, sem ekki eru samþykktir til notkunar í bátum.

5. Kassi yfir vél er lélegur, óþéttur, of lítill og í alla staði ófullnægjandi.

6. Eldsneytisgeymir er ekki skv. reglum, auk þess sem hann er illa festur. Skoðunarlúgu vantar á geyminn, áfyllirör nær ekki út á borðstokk, og engin loftrás er sjáanleg. Ekki er vitað um efnisþykkt.

7. Plastslöngur, sem notaðar eru í eldsneytislagin, eru ekki af viðurkenndri gerð.

8. Austurs- og slökkvibúnað vantar í bátinn.

9. Vél virðist fest við undirstöður með frönskum skrufum, sem ekki telst fullnægjandi skv. reglum.

10. Engar upplýsingar um vélina í bátnum liggja fyrir hjá Siglingamálastofnun, og því óskast eftirgreindar upplýsingar lagðar inn til samþykktar:

- hestöfl vélarinnar,
- snúningshraði,
- niðurgírun,
- þvermál og brotþol á skrufuási.

11. Blýbót er á kjalsíu aftan til b.b., og eru ryðtaumar frá blýbótinni. Einnig eru ryðtaumar víða frá kjalsíu og ryð sjáanlegt á naglahausum hér og þar. Í ljósi þessa verður að skoða saum í bátnum, enda gerð krafa til þess við skoðunina 1978.

12. Stálplötur hafa verið boltaðar á skrufustefni, sem er rífið. Þá hefur verið fyllt undir flans á stefnisröri með p-40 plasti, sem ekki er samþykkt af Siglingamálastofnun. Má segja, að stálplöturnar gefi skrufustefninu nægan styrk, en stór spurning, hvort báturinn er þéttur um skrufustefnið og stefnisrörið. Verður að ganga úr skugga um það, áður en viðgerðin verður samþykkt.

13. Of stutt er á milli skeyta í súð hér og þar.

14. Plitti í bátnum eru ófullnægjandi.

Eins og sjá má á ofangreindu, er ýmislegu ábótavant við bátinn.

Allar endurbætur á bátnum ber að gera í samráði við skoðunarmenn Siglingamálastofnunar ríkisins.“

Að svo komnu hófust stefnandi og umboðsmaður hans handa um viðgerð á bátnum. Viðgerðir og efniskaup stefnanda vegna bátsins nema 238.210 kr. samkvæmt fram lögðum reikningum yfir útlagðan kostnað, og er þar aðallega um viðgerð á vélinni að ræða. Til samanburðar hefur umboðsmaðurinn látið þess getið, að ný vél hafi þá kostað um 300.000 kr. Sjálfur reiknar stefnandi vinnuframlag sitt og umboðsmanns síns á 98.000 kr. Samtals nemur fébótakrafa stefnanda því 336.210 kr. Í byrjun október 1987 leitaði stefnandi síðan til Jónatans Sveinssonar hdl., sem skrifaði stefnda riftunarbréf, dags. 5. okt. 1987.

Málsástæður og lagarök.

Riftunarkröfu sína reisir stefnandi á því, að báturinn Akraberg, AK 60, hafi við sölu verið verulega gallaður og ekki til þess hæfur að fá skoðun. Gallarnir hafi verið verulegir í skilningi 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, annars vegar, að það kosti mikið fé að bæta úr göllunum, og hins vegar, að gallarnir komi í veg fyrir, að bátinn megi nota lögum samkvæmt. Á seljanda bátsins hafi hvílt laga- og varúðarskylda um að lagfæra gallana, áður en hann færi að fullyrða um kosti bátsins. Varlegast fyrir hann hefði verið að láta fara fram úttekt á bátnum, áður en kaupin fóru fram, en einnig hefði hvílt á honum sú skylda að fá úttekt á verk sitt, áður en hann fór að skapa traust annarra á verkinu. Honum hefði borið að afla teikninga og að vinna verkið undir eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins og að fá síðan úttekt á verkinu. Gallarnir hafi hins vegar verið þess eðlis, að þeir hafi ekki fundist við venjulega skoðun. Kaupandi bátsins hefði átt að geta treyst því, að stefndi framkvæmdi viðgerð á honum í samræmi við kröfur Siglingamálastofnunar. Meginatriði við mat á því, hvort hlutur sé ógallaður, sé, hvort hann gagnast kaupanda. Verk stefnda og föður hans hafi ekki verið fullnægjandi viðgerð á skipi. Að þessu athuguðu álítur stefnandi galla ótvírætt verulega og nægilega til riftunar. Riftunarástæður séu hlutlægar, og saknæmt atferli seljanda sé ekki forsenda riftunar. Þá bendir stefnandi einnig á, að í afsali hafi báturinn verið sagður 5 tonn, en við skoðun Siglingamálastofnunar hafi síðan komið í ljós, að hann hafi ekki verið nema 3,5 rúmlestir brúttó. Enn fremur hafi stefndi fullyrt, að vél bátsins væri í svo góðu lagi, að aðeins þyrfti að koma henni fyrir í bátnum. Að mati sérfróðra manna hafi hún þó verið í svo lélegu ásigkomulagi, að henni varð ekki komið í gang. Sannanir liggi fyrir um það í formi reikninga og yfirlýsinga, að vélin hafi ekki svarað þeim væntingum, sem seljandi vakti hjá kaupanda. Alveg sé ljóst, að hefði sú vitneskja legið fyrir, hefði ekki orðið af kaupunum. Af hálfu stefnanda hafi verið lýst yfir riftun, áður en afsal var gefið út, en fyrir þrábeiðni seljanda hafi verið skrifað undir. Því er ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi haft svik í frammi við sölu bátsins.

Skaðabótakröfu sína reisir stefnandi á því, að stefndi hafi beinlínis orðið þess valdandi, að hann lagði í kostnað og varð þannig fyrir tjóni. Fjárútlát stefnanda vegna bátsins hafi orðið honum ónýtt, en muni eftir riftunina nýttast stefnda sem hlutir, sem hann fái með bátnum.

Af hálfu stefnda er sú varnarástæða borin fyrir, að stefnandi hafi á sínum vegum látið skoða bátinn og þrátt fyrir galla hans skrifað undir afsal. Sá, sem skoðaði bátinn, hafi haft langa reynslu á því sviði. Stefndi hafi ekki ábyrgst, að báturinn uppfyllti skilyrði Siglingamálastofnunar, og því hafi bolur bátsins í raun verið ógallaður. Báturinn hafi verið kominn vel

á þrítugsaldur, og auðvelt hefði verið fyrir kaupanda að fá skoðunarmann frá Siglingamálastofnun til að skoða bátinn, áður en skrifað var undir afsal. Það hafi stefnandi ekki gert, þótt báturinn hafi verið í vörslum hans. Um kaupin hafi gilt ákvæði kaupalaga nr. 39/1922, en ekki reglur Siglingamálastofnunar. Ekki sé um galla að ræða í skilningi kaupalaganna, og því sé riftunarskilyrði ekki fyrir hendi. Ósannað sé, að stefndi hafi ábyrgst, að báturinn uppfyllti skilyrði Siglingamálastofnunar, og stærð bátsins hafi ekki verið ákvörðunarástæða kaupanna. Gallar á bátnum í skilningi kaupalaga séu ósannaðir. Þá ber stefndi og fyrir sig, að riftunarástæða stefnanda hafi komið allt of seint fram og ástand það, sem stefnandi segi bátinn hafa verið í, sé ósannað, enda hafi engin skoðunargerð farið fram á bátnum. Þess vegna séu ekki fyrir hendi riftunarskilyrði.

I. Álit dómstólsins.

A. Um riftunarkröfu stefnanda.

Um riftun þá á sölusamningi og afsali, dags. 6. ágúst 1987, sem í máli þessu er höfð uppi, gilda ákvæði laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og ákvæði laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, sbr. og lög um breytingar á þeim lögum nr. 11/1986.

Bæði stefnandi og stefndi virðast sakir gáleysis og vanþekkingar, sem af því spratt, hafa hafst að með þeim hætti, sem að framan greinir. Stefndi stofnaði til endurbyggingar á bátnum án þess að fara nákvæmlega eftir reglum Siglingamálastofnunar ríkisins, og umboðsmaður stefnanda tók ákvörðun um kaupin án þess að ganga úr skugga um, að endurbyggingin fullnægði þessum reglum. Báturinn fékkst ekki skráður sem haffært skip. Í afsali, dags. 6. ágúst 1987, sagði, að kaupandi tæki að sér að skrá bátinn og bæri kostnað af því. Báturinn leit vel út, enda hafði farið fram viðgerð á honum, þ. á m., að sett höfðu verið ný borð og bönd í bátinn og hann saumaður upp og málaður. Útlit bátsins ásamt yfirlýsingum stefnda, sem hann hefur staðfest hér fyrir dómi, um viðgerð sína og föður síns á bátnum voru til þess fallnar að vekja með kaupanda þá hugmynd, að ekki þyrfti annað en setja vélina í bátinn og síðan að fá hann skráðan. Eins og umboðsmaður stefnanda hefur lýst atferli stefnda, áður en kaup gerðust, stappar þar nærri, að honum séu borin svik á brýn, en stefnandi hefur þó ekki borið svik fram sem málsástæðu. Umboðsmaður stefnanda gekkst samt inn á kaupin, eftir að hafa rannsakað bátinn og komist að raun um, að vél bátsins var alls ekki í því ástandi, að unnt yrði að hefja veiðar á honum án verulegra lagfæringa. Það gerði hann gegn því að fá 50.000 kr. afslátt á kaupverði, sbr. 47. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Eftir að kaupin höfðu átt sér stað, 6. ágúst 1987, og fleiri gallar komu í ljós, riftaði umboðsmaður stefnanda ekki kaupunum þegar í stað, heldur tók

til við að freista þess að koma bátnum í lag. Það vekur upp spurningar um, hvort hann hafi litið svo á, að báturinn væri ekki dýrari en svo, að það væri kostnaðarminna en kaupa einungis bátsskrokk, svo sem upphaflega hafði verið fyrirætlan stefnanda. Verður að telja, að með því hafi hann firrt sig rétti til að rifta kaupunum samkvæmt 42. gr. laga nr. 39/1922, sbr. og 52. gr. laganna. Samkvæmt skoðunargerð Siglingamálastofnunar vantaði mikið á, að báturinn fengi skoðun í því ástandi, sem hann var seldur í. Og viðgerð stefnanda á bátnum hefur ekki bætt hann svo, að hann hafi fengist skráður sem haffært skip. En ekki liggja fyrir gögn um, hver er tiltöluleg stærð gallanna á bátnum. Stefnandi hefur ekki látið meta bátninn til peningaverðs né heldur liggja fyrir gögn um, hvert er markaðsverð sambærilegra báta, sem haffærir eru skráðir. Ekki liggur því heldur fyrir matsgerð um það, hvað það myndi kosta að lagfæra hann svo, að hann fullnægði reglum Siglingamálastofnunar ríkisins. Vitneskja um tiltölulega stærð galla þeirra, sem stefnandi telur vera á Akrabergi, AK-60, er því harla ótraust.

Dómari málsins hefur ákveðið að dæma málið á grundvelli fram lagðra gagna, sbr. 113. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Hefur því ekki verið lagt fyrir málsaðila að láta fara fram matsgerðir um verð sambærilegra báta og hvað það myndi kosta að koma bátnum í haffært ástand, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936. Matsgerðir myndu auka enn á kostnað málsaðila, sem þegar er ærinn fyrir, en myndu ekki að sama skapi varpa frekara ljósi á málavöxtu. Þar kemur m. a. til, að markaðsverð trillubáta sveiflast mjög frá ári til árs og jafnvel frá mánuði til mánaðar eftir aflabroögðum. Eftirspurn eftir trillubátum var mikil í júlí-ágúst 1987 sakir góðra aflabragða. Frá árinu 1984 hefur sjávarútvegsráðuneytið smám saman þrengt veiðiheimildir trillubáta með tímabundnum veiðistöðvunum, sem síðan fengu á sig festu í reglugerð nr. 17/1988.

B. Um skaðabótakröfu stefnanda.

Af málavöxtum þykir verða ráðið, að báturinn Akraberg, AK-60, hafði ekki þá kosti, sem ætla má, að áskildir væru, þegar kaupin fóru fram. Stefndi stóð þannig að endurbyggingu bátsins og viðgerð á vél hans, að mikill vafi leikur á, hversu miklu hann jók við verðmæti hans, en hann kveðst hafa gefið um 100 þús. kr. fyrir hann um ári áður en honum var afsalað til stefnanda. Ljóst er og, að stefndi sýndi af sér mikið skeytingarleysi um hagsmuni stefnanda, þegar hann lýsti ástandi bátsins og ekki síst vélarinnar fyrir umboðsmanni stefnanda. Stefnandi hefur kostað 300-400 þús. kr. í tilraunum sínum til að koma bátnum í lag. Að þessu athuguðu verður að telja stefnda eiga með gyllingum sínum á bátnum þátt í því, að stefnandi hefur ekki enn í höndum bát, er hann geti sent til fiskveiða. Í

ljósi alls þessa þykir rétt með vísan til 42.-43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. og 6. gr. laga um breyting á þeim lögum nr. 11/1986, að víkja kaupsamningnum til hliðar að hluta, þannig, að stefnandi fái 200.000 kr. í afslátt til viðbótar þeim 50.000 kr., sem voru slegnar af uppsettu verði, áður en afsal var gefið út. Rétt þykir og að dæma stefnanda 70.000 kr. í málskostnað úr hendi stefnda.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Gizurarson bæjarfógeti, en uppkvaðning hans hefur dregist nokkuð sakir anna, sem m. a. stafa af verkfalli.

D ó m s o r ð:

Stefni, Valdimar Geirsson, greiði stefnanda, Ólafi Geir Þorvarðarsyni, 200.000 kr. auk 45,60% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá birtingardegi stefnu 23.11. 1987 til 1.12. 1987, með 49,20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1988, með 51,60% ársvöxtum frá þ. d. til 1.3. 1988, 45,60% ársvöxtum frá þ. d. til 1.5. 1988, með 44,40% ársvöxtum frá þ. d. til 1.7. 1988, með 52,80% ársvöxtum frá þ. d. til 1.8. 1988, með 56,40% ársvöxtum frá þ. d. til 1.9. 1988, með 49,20% ársvöxtum frá þ. d. til 1.10. 1988, með 33,60% ársvöxtum frá þ. d. til 1.11. 1988, en með dráttarvöxtum svo sem Seðlabanki Íslands kann að ákveða skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndi stefnanda 70.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
